

**Kjarasamningur**  
**Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. (RML)**  
**og**  
**Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)**

**1. gr.**  
***Gildissvið***

Kjarasamningur þessi gildir fyrir félagsmenn FÍN sem eru ráðnir til og starfa hjá RML. Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til og samskipti aðila samnings þessa skal fara eftir form- og efnisákvæðum kjarasamnings FÍN við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eins og hann er á hverjum tíma svo og fylgiskjölum og bókunum eftir því sem við á nema öðruvísí sé sérstaklega um samið í kjarasamningi þessum við RML. Önnur réttindi sem félagsmenn njóta eru talin upp í fylgiskjali 1 með samningi þessum.

**2. gr.**  
***Markmið***

Markmið þessa samnings er að móta launakjör og stuðla að faglegri starfsþróun í tengslum við stofnun ráðgjafarfyrirtækis fyrir bændur á landsvísu. Einnig að efla samstarf á landsvísu og ná fram betri nýtingu starfskrafa og fagþekkingu. Launakerfið skal vera gagnsætt og jafnræðis gætt í launakjörum fyrir sambærileg störf.

**3. gr.**  
***Visiregla***

Raða skal í launaflokka í samningi þessum skv. hlutlægum mælikvörðum. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt sé að þeir njóti jafnræðis.

**4. gr.**  
***Grunnröðun í launaflokka***

Miðast við menntunarstig.

**Starfsheiti:**

**Launaflokkur**

1. BS 90	14
2. BS 120	16
3. MSC	18
4. PHD	20

Auk þess fá ábyrgðarmenn +2 launaflokka.

Fagstjórar eru í launaflokk 22.

Til viðbótar getur samstarfsnefnd tekið ákvörðun um röðun umfram grunnröðun enda sé hún studd skriflegum rökum. Þeir sem eru útskrifaðir með kandídatspróf á meðan enn var gerð krafa um búfræðipróf eru metnir sem BS 120.

*PA*      *EBC*

**5. gr.**  
***Álögur ofan á grunnlaun***

Aðilar hafa orðið ásáttir um að meta neðangreinda þætti til hækkanar grunnlauna.

**5.1 Árangurstengd laun**

Fyrir faggreinar sem starfsmaður skrifar eru greidd árangurstengd laun enda séu skrifin birt í nafni RML og samþykkt fyrirfram af fagstjóra eða framkvæmdastjóra. Ekki er greitt fyrir sambærileg verk og áður hafa verið birt eða aðrir starfsmenn RML, núverandi eða fyrrverandi, hafa þegar fengið greitt fyrir. Ef starfsmenn (höfundar) eru fleiri en einn skal metinn hlutur hvers og eins og greiðslu skipt í samræmi við matið. Ef verkefnið er samstarfsverkefni fleiri stofnana er greitt í hlutfalli við aðild RML að verkefninu. Greinarnar skulu vera skv. markmiðum fyrirtækisins og viðkomandi faghóps. Ekki er um að ræða greiðslu fyrir vinnuframlag og eru álagsgreiðslur þessar eingreiðslur í formi yfirvinnutíma.

*Dæmi um greiðslur:*

Smærri blaðagrein, t.d. ¼ blaðsíðu texti í Bændablaðinu, 2 - 3 tímar.

Miðlungs blaðagrein, t.d. ½ blaðsíðu texti í Bændablaðinu, 4 - 5 tímar.

Stærri blaðagrein, 6 - 8 tímar.

Efnismikil ritgerð, t.d. ráðunautafundur/vísindagrein/bókarkafl, 10 - 30 tímar.

Um þóknanir fyrir umfangsmikil verkefni, sem starfsmaður tekur að sér og eru umfram hans reglubundna verksvið og verður ekki við komið í vinnutíma, skal semja sérstaklega. Hér er um að ræða t.d. gerð námskeiðs- og kennsluefnis og ýmis frumkvöðla- eða þróunarverkefni.

**5.2 Uppgjör**

Tvisvar á ári (janúar og júlí) skila starfsmenn umsókn um greiðslu fyrir greinarskrif sl. 6 mánuði ásamt ljósritum af greinunum eða skrá yfir ritstörf til fagstjóra. Fagstjóri metur hverja grein, samkvæmt ofanrituðu, til greiðslu. Greiðslur skulu inttar af hendi eigi síðar en 3 mánuðum frá skiladegi starfsmanns til fagstjóra. Gæta skal jafnræðis þegar árangursbundin laun eru ákvörðuð. Starfsmaður getur vísað mati fagstjóra til úrskurðar framkvæmdastjóra og fulltrúa frá FÍN.

**6. gr.**  
***Sveigjanlegur vinnutími***

Í samræmi við þá hefð að starfsmenn hafa vegna bústarfa flutt vinnuskyldu milli árstíða er samkomulag um að þrátt fyrir ákvæði í kafla 2 í kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkisins er heimilt að ósk starfsmanns, að flytja til vinnuskyldur innan ársins. Um þetta skal samið í ráðningarsamningi og tilkynnt til samstarfsnefndar FÍN og RML.

**7. gr.**  
***Starfsmanna- og launaviðtöl***

**7.1 Starfsmannasamtal**

Árlega og eigi síðar en 1. mars ár hvert skal starfsmaður fá starfsmannasamtal við starfsmannastjóra. Þar skal meta starfstengda þætti eins og líðan á vinnustað, þörf á endurmenntun og öflun frekari fræðslu hérlandis sem og erlendis sem æskilegt er að starfsmaður sæki starfsins vegna.

*RH EBZ*

## **7.2 Launaviðtal**

Fagstjóri í samráði við framkvæmdastjóra ber ábyrgð á að starfsmaður fái launaviðtal. Störf starfsmanna/starfskjör skulu metin einu sinni á ári fyrir 1. maí. Starfsmanni skal tilkynnt um niðurstöðu launaviðtals innan mánaðar eða eigi síðar 1. júní ár hvert.

## **8. gr.**

### ***Akstursgreiðslur og símakostnaður***

#### ***8.1 Akstursgreiðslur***

Starfsmenn sem samningurinn nær yfir fá greitt fyrir akstur sem nemur 2000 km á ári á akstursgjaldi skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Noti starfsmaður að beiðni yfirmanns eigin bifreið í starfi verður umbeðinn akstur greiddur eftir því sem segir í samningi FÍN og fjármálaráðherra.

#### ***8.2 Símakostnaður***

Starfsmaður RML á kost á því að fá greitt mánaðarlega fyrir símanotkun sem nemur kr. 3.500 gegn því að RML fái að birta símanúmer starfsmanns og að símanúmerið sé hjá sama símafyrirtæki og RML skiptir við. Á þriggja ára fresti á starfsmaður rétt á styrk til kaupa á farsíma að upphæð kr. 30.000 gegn framvísun greiðslukvittunar sem gefin er út á kennitölu starfsmanns. Um fyrirkomulag skal getið í ráðningarsamningi.

## **9. gr.**

### ***Tímabundin frávik frá verksviði***

Verði starfsmanni falið tímabundið verkefni af næsta yfirmanni eða framkvæmdastjóra sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu skal hann fá hækjun launa á meðan á því stendur. Greitt er samkvæmt því umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér og gert um það sérstakt skriflegt samkomulag þar sem kemur fram tímalengd verkefnis og umfang þess.

## **10 gr.**

### ***Réttur til endurmats á röðun***

Telji starfsmaður að honum sé ekki raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun metna af samstarfsnefnd samkvæmt 11. kafla kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkisins.

## **11. gr.**

### ***Samstarfsnefnd***

Samstarfsnefnd RML og FÍN starfar samkvæmt grein 11.2. í kjarasamningi fjármálaráðherra og FÍN.



**12. gr.  
Sérkjör**

Við gildistöku þessa samnings falla niður önnur sérkjör sem félagsmenn FÍN kunna að hafa í formi fastra dagpeninga, 13. mánaðar, akstursgreiðslna, eða símagreiðslna sem er umfram gr. 8.2 eða hverju öðru nafni sem slíkar álagsgreiðslur nefnast. Ekki þarf að segja þessum ákvæðum upp sérstaklega. Að þessum atriðum frátöldum skulu félagsmenn sem njóta nú betri kjara samkvæmt eldri samningum en samkvæmt því sem samningur þessi gerir ráð fyrir, halda þeim óbreyttum. Um réttindi sem félagsmenn kunna að hafa notið og ekki eru hluti af eldri samningum þarf þá að vera getið í ráðningarsamningi og álitaefni skal tilkynna til samstarfsnefndar. Breyting á slíkum ráðningarsamningsbundnum réttindum eru þá háð almennum reglum um breytingar á einstökum atriðum í ráðningarsamningi sem eru umfram það sem þessi eða fyrrí samningar kveða á um. Þrátt fyrir ofangreint skal enginn félagsmaður FÍN lækka í útborguðum launum eftir skatt fyrir vinnuframlag vegna samnings þessa, nema að undangengnum breytingum á efni ráðningarsamnings og um þær breytingar skal þá fara samkvæmt almennum reglum þar um. Telji félagsmaður FÍN sig hafa orðið fyrir launaskerðingu vegna gildistöku þessa samnings skal hann vísa máli sínu til samstarfsnefndar FÍN og RML.

**13. gr.  
Endurskoðun**

Endurskoða má samning þennan ef þörf krefur að mati annars samningsaðila en aðeins með samþykki beggja samningsaðila.

**14. gr.  
Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2013. Samningurinn kemur í stað samkomulags Bændasamtaka Íslands og FÍN, dags. 25. september 2006, og kjarasamnings búnaðarsambanda og hagsmunafélags ráðunauta, dags. 1. maí 2005. Um uppsögn samnings fer samkvæmt 6. grein laga nr. 80/1938.

Reykjavík, 28. júní 2013,

f.h. Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf.,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Erikur Blondu  
Guðrún H. Jakobsdóttir  
Kerrel R. Harðarsson

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga,  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Ólafur Hallgrímsson  
Ágúst Þórðarson  
Jón Ólafur Jóhannesson

## Bókun 1

Við gildistöku þessa samnings eða eigi síðar en 1. ágúst næstkomandi mun RML greiða eingreiðslur til launajöfnunar samkvæmt eftirfarandi:

1. Til héraðsráðunauta sem áður voru starfsmenn búnaðarsambanda og röðuðust í launaflokk 14 og undir og fengu ekki akstursstyrki eða sértækar dagopeningagreiðslur (og eða 13 mánuður), samtals kr. 150.000.
2. Til héraðsráðunauta sem áður voru starfsmenn búnaðarsambanda og röðuðust í launaflokk 14 og undir og fengu ekki akstursstyrki en höfðu sértækar dagopeningagreiðslur (og eða 13 mánuður), samtals kr. 60.000.
3. Til héraðsráðunauta sem áður voru starfsmenn búnaðarsambanda og röðuðust í launaflokk 14 og undir, fengu akstursstyrki en höfðu ekki sértækar dagopeningagreiðslur (og eða 13 mánuður), samtals kr. 90.000.

## Bókun 2

Aðilar eru sammála um að meta þörf fyrir endurskoðun á samningi þessum ásamt viðauka s.b.r. 13. gr.

Skal samninganefnd aðila koma saman í þeim tilgangi eigi síðar en 1. desember n.k.

Two handwritten signatures in blue ink. The signature on the left appears to be "EBZ" and the signature on the right appears to be "DTH".

**Fylgiskjal 1  
með samningi**  
**Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML)**  
**og**  
**Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)**  
**um kjara- og réttarstöðu félagsmanna FÍN**

***1. gr.  
Almennt***

Um kjör félagsmanna og réttindi fer einnig að breyту breytanda eftir eftirfarandi samningum ríkisins við BHM f.h. aðildarfélaga þess:

- a) Samkomulag um trúnaðarmenn, dags. 9. janúar 1989, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- b) Samkomulagi um starfshætti samstarfsnefnda, dags. 9. janúar 1989, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- c) Samkomulagi um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).
- d) Samkomulagi um lágmarksreglur um auglýsingar á lausum störfum samkvæmt 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 12. ágúst 1996 (sbr. reglur nr. 464/1996). Auglýsing í Bændablaðinu ásamt auglýsingu á heimasíðu RML telst þó nægjanleg auglýsing. Störf sem eru undanþegin slíkri auglýsingu eru störf þar sem tvær eru fleiri stofnanir standa að ráðningu starfsmanns, afleysingastörf (skv. reglugerð nr. 464/1996) til skemmri tíma en árs og þegar starfsmaður hjá RML er ráðinn í starfið, þ.e.a.s. þegar um er að ræða tilfærslu í starfi.
- e) Samningi um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, dags. 23. Janúar 1997, milli fjármálaráðherra f.h. ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launaneftndar sveitarfélaga annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ hins vegar.
- f) Samningi um rétt þungaðra kvenna til mæðraskoðunar, dags. 13. ágúst 1999, milli fjármálaráðherra og BHM.
- g) Samkomulag Bandalags háskólamaðra, BSRB og Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar, dags. 20. desember 2000.
- h) Samkomulag frá 22. desember 2004 milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftndar sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamaðra, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna sem eru félagsmenn aðildarfélaga framangreindra samtaka.

*EBC*

*JH*

**2. gr.  
Réttarstaða**

Réttindi og skyldur félagsmanna í starfi hjá RML skulu að öllu leyti vera hliðstæð réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga), svo og stjórnsýslulögum nr. 37/1993, þ.m.t. um form- og efnisreglur sem RML ber að virða áður en gripið er til uppsagnar, að undangenginni áminningu þegar við á, sbr. 21. og 44. gr. starfsmannalaga, svo og skyldu RML til að rökstyðja uppsögn og áminningu. Kærustig samkvæmt 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 5. mgr. 26. gr., 2. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 44. gr. er stjórn RML.

**3. gr.  
Efni ráðningarsamnings**

Við ráðningu félagsmanna er skylt að nota til þess gerðan ráðningarsamning, sem báðir aðilar viðurkenna. Í ráðningarsamningi skal auk tilvísunar í starfslýsingu tilgreina starfsheiti, laun, greiðslutímabil launa, vinnutímafyrirkomulag, vinnutíma, vinnustað, upphafstíma ráðningar svo og lokadag sé ráðning tímabundin, starfsaldur og önnur starfskjör, svo og stéttarfélag, sem starfsmaður velur. Að öðru leyti vísast í samkomulag um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).

**4. gr.  
Lífeyrissjóðsaðild**

Félagsmenn eiga rétt á að vera í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og greiða 4% iðgjald til LSR. RML greiðir mótframlag til LSR samkvæmt reglum LSR á hverjum tíma, nú 11,5%, sbr. lög nr. 1/1997 um LSR og samþykktir sjóðsins á hverjum tíma.

**5. gr.  
Sjóðsaðild**

Aðild félagsmanna að sjóðum á vegum BHM, Orlofssjóði BHM, Starfsmenntunarsjóði BHM og Styrktarsjóði BHM, svo og Starfsþróunarsetur háskólamaðra er óbreytt og sem endranær háð greiðslu sjóðsframlags samkvæmt gildandi kjarasamningi sem vísað er til í samningi þessum.

**6. gr.  
Gildistími**

Gildistími kjarasamnings þessa er så sami og gildistími kjarasamnings FÍN við fjármálaráðherra, eins og hann er á hverjum tíma, sbr. grein 2.

**7. gr.  
Lagarammi**

Um samskipti aðila kjarasamnings þessa þ.m.t. réttarstöðu trúnaðarmanna, samstarfsnefndir, gerð kjarasamninga og vinnudeilur gilda þeir samningar, sem vísað er til í samningi þessum, svo og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 2. gr. laganna.

*(Signature)*